

Níundi fundur haldinn að Breiðabliki 14. ágúst 2017 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Halldór Jónsson, Harpa Jónsdóttir og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitar frávika frá dagskrá vegna fundargerðar skipulags og byggingarnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Drög að kaupsamning að hlut Sigurðar Hreinssonar og Félagsbúsins Miðhrauni sf í Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps. **Oddviti fór yfir drög að kaupsamning að hlut Sigurðar og Félagsbúsins í Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepp, jafnframt kynnti hann yfirlýsingu sem Félagsbúið gefur út þar sem öll réttindi sem það hefur fengið í gegnum samninginn frá 19. ágúst 2004 flyst yfir til sveitarfélagsins. Jafnframt kynnti oddviti drög að samning og samkomulagi við Eiðhús ehf sem og aðrar hugmyndir sem eru til skoðunar í vinnunni framundan.**

Oddviti lagði til að drögin af samningnum við Sigurð Hreinsson og Félagsbúið Miðhrauni sf verði samþykktur með tveimur fyrirvörum en þeir eru.

- **Að Eiðhús ehf kaupi hlutafé og vatn af sveitarfélaginu í samræmi við það sem kynnt var á fundinum.**
- **Að Hitaveita Eyja og Miklaholtshrepp komi að kaupum að hlutafé og vatni af sveitarfélaginu.**

Tillagan samþykkt EK, Halldór, Katrín og ASS samþykkja, Harpa situr hjá. Oddvita falið að undirrita samninginn og bjóða stjórn ásamt öðrum hluthöfum að neyta forkaupsréttar. Jafnframt er oddvita veitt heimild til að ganga frá samningum við Eiðhús ehf og hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepp um sölu á hlutafé og vatni ef samningar nást.

2. Greinargerð SSV um samstarf og sameiningarkosti Eyja og Miklaholtshrepps. **Fulltrúar SSV Páll Brynjólfsson og Vífill Karlsson fóru yfir greinargerðina. Þeim þakkað fyrir greinargerðina og útskýringar á henni. Ljóst er að sveitarfélagið hefur val um að sameinast í þrjár áttir ef það er vilji til þess að fara í sameiningarviðræður.**
3. Forverkefni Gestastofu Snæfellsnes. **Ragnildur kynnti stöðuna á verkefninu.**
4. Malbikun á plani fyrir framan Breiðablik. **Oddvita falið að semja við verktaka og láta malbika planið.**
5. Námsgögn í Laugargerðisskóla. **Námsgögn hafa verið til reiðu undanfarin ár. Samþykkt samhljóða að greiða áfram námsgögn fyrir nemendur í Laugargerðisskóla. Þessi útgjöld voru hluti af fjárhagsáætlun skólans.**
6. Viðhaldsmál við Laugargerðisskóla. **Oddviti fór yfir málin.**
7. Tölvumál í skólanum og skrifstofu sveitarfélagsins. **Samþykkt samhljóða að endurnýja tölvurnar á skrifstofu skólastjóra og oddvita.**
8. Sláttutrakkur í Laugargerðisskóla. **Verður skoðað við gerð fjárhagsáætlunar í haust.**
9. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 20.05.2017. **Lögð fram og samþykkt samhljóða.**

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Harpa Jónsdóttir (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)